

ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ komudagur 29.4.98
Landssamband um félagslegar íbúðarbyggingar

Ályktun um húsnæðismál

ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ varar mjög við því að frumvarp félagsmálaráðherra um húsnæðismál verði afgreitt í vor, því tími þarf að gefast til vandaðrar umfjöllunar hjá hinum mörgu aðilum sem húsnæðismálum tengjast.

Ekkert samráð var haft um frumvarpsgerðina við þau fjölmörgu samtök og stofnanir, sem á undanförunum árum hafa staðið fyrir byggingum og rekstri þúsunda íbúða, þótt eftir því hafi verið leitað við félagsmálaráðherra.

Við breytingar á húsnæðiskerfinu þarf að gæta þess mjög að skerða ekki möguleika ýmissa hópa til húsnæðisöflunar s.s. öryrkja, aldraðra, námsmanna, einstæðra foreldra, ungs fólks og þeirra sem tekjulægstir eru í þjóðfélaginu.

ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ leggur því áherslu á eftirfarandi:

- * Íbúðalánasjóði verði heimilað að veita lán til leiguíbúða og félagslegra búseturéttaríbúða til allt að 50 ára á niðurgreiddum vöxtum
- * Ríki og sveitarfélög sjái til þess á næstu árum með úrræðum í fjármögnun, að leiguíbúðir og aðrir viðráðanlegir húsnæðiskostir, verði til staðar fyrir sem flesta
- * Í stað Tryggingarsjóðs sem leggja á niður, verði félögum og félagasamtökum gert kleift að byggja upp varasjóði eins og áformað er með Varasjóði sveitarfélaganna.
- * Afnumin verði skattlagning húsaleigubóta strax á næsta ári og skoðaðir möguleikar á sameiningu vaxtabóta og húsaleigubóta í eitt kerfi
- * Húsbréfakerfið opnað fyrir félög og félagasamtök
- * Ekki verði aftur tekin upp greiðsla stimpilgjalda af lánum til leiguíbúða og búseturéttaríbúða
- * Samband Ísl. sveitarfélaga og Þak yfir höfuðið fái aðild að stjórnun Íbúðalánasjóðs
- * Samstarf sveitarfélaga og félagasamtaka um húsnæðismál verði eftir
- * Beitingu reglugerða af hálfu félagsmálaráðherra verði stillt í hég eins og kostur er.

ÞAKI YFIR HÖFUÐIÐ sem áður var samstarfshópur ýmissa félaga og samtaka hefur nú verið breytt í formlegt landssamband. Aðilar að landssambandinu hafa byggt og reka þúsundir íbúða og félagsmenn og íbúar sem tengjast þessum samtökum skipta tugum þúsunda.

Á árinu 1996 var nærri helmingur umsækjenda um lán úr Byggingarsjóði verkamanna aðrir aðilar en sveitarfélög. Um 43% lánveitinga það ár runnu til þessara umsækjenda.


Innan Þaks yfir höfuðið eru nú samtök og félög sem tengjast námsmönnum, eldra fólki, öryrkjum, búseturéttihöfum, leigjendum hjá sveitarfélögum, einstæðum foreldrum og fleiri hópum.

Um er að ræða m.a. sjálfseignarstofnanir, samvinnufélög og hlutafélög.

ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ leggur til að félagsmálaráðherra skipi sem fyrst nefnd sem skoði umrætt húsnæðisfrumvarp með tilliti til hagsmuna félaga og félagasamtaka í húsnæðismálum og niðurstöður liggi fyrir, fyrir ágústlok á þessu ári.

Reykjavík 24. mars 1998

Í stjórn ÞAKS YFIR HÖFUÐIÐ


Jóhannes Pír Guðbjörnsson
Hella Káðan Lóla-Annadóttir
Leykur Leislinsson
Ólöf Þórunn Ólafsdóttir